

# STJÓRNARTÍÐINDI B 56 – 2005

4. maí 2005

693

Nr. 418

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Akranesi.

*Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis, klasa 5 og 6, Hagaföt 7.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 12. apríl 2005, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á Hagaföt 7 í klasa 5 og 6 í Flatahverfi á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í að íbúðum er fjölgað úr 16 í 20 á lóð nr. 7 við Hagaföt.

Einnig er byggingarreitur stækkaður um 1 m til austurs og 2 m til suðurs og bílastæðum fjölgað.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

*Deiliskipulag Jaðarsbakka, 1. áfanga. Íþróttasvæði.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 12. apríl 2005, var samþykkt deiliskipulag á Jaðarsbökkum, 1. áfanga. Um er að ræða íþróttasvæði á Akranesi.

Í þessum áfanga deiliskipulagsins, um 2,3 ha af 11 ha, er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir fjölnota íþróttahús (Akraneshöll) allt að 8900 m<sup>2</sup> að stærð og 16 m hátt frá hæðarkóta 6,0, ásamt aðkomu og 250 bílastæðum.

Með framangreint deiliskipulag var farið skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur það hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Akranesi, 4. maí 2005.*

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar,

**Þorvaldur Vestmann.**